

Minnisblað - 2103015

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Verðkönnun vegna ljósmyndaverkefnis*

Dags.: 22.03.2021

Á 263. fundi byggðarráðs var viðruð sú áætlun að fara í ljósmyndaverkefni fyrir Dalabyggð. Þær ljósmyndir sem sveitarfélagið á í dag eru af misjöfnum gæðum og vöntun á almennu myndefni til daglegra starfa sveitarfélagsins s.s. við gerð bæklinga, markaðssetningu og í kynningarefni.

Þann 9. mars sl. var sent út erindi útaf verðkönnun vegna ljósmyndaverkefnis fyrir Dalabyggð. Erindið var sent á 14 ljósmyndara. Þeir voru valdir af lista félags ljósmyndara og fyrri viðskiptum sveitarfélagsins. Áhersla var lögð á að viðkomandi ljósmyndara hefðu reynslu af myndun landslags og/eða álíka verkefnum.

Í erindinu var lagt upp með að teknar yrðu vor-/sumarlegar myndir innan marka Dalabyggðar og þær unnar. Að verkefninu loknu yrði allur réttur á myndunum og innihald þeirra eign Dalabyggðar og að þær yrðu afhentar á rafrænu formi í vef- og prentupplausn. Skýrt var tekið fram að samningur yrði gerður um verkið. Reiknað var með 3-5 dögum í tókur og tekið fram að sveitarfélagið gæti óskað eftir tilboði fyrir gistingu á svæðinu ef þess væri óskað.

Beðið var um að fá verð þar sem fram kæmi fjöldi mynda í pakkanum og ekki væri verra að fá nokkrar tegundir af pökkum og hvað fælist í þeim.

Fimm aðilar sendu inn verð. Hagstæðasta tilboðið var frá Odd Stefan

<https://oddstefan.com/Oddstefan/Welcome.html> og er lagt til að samið verði við hann.